

Nr. tilk.	Dags.	Efni
93.	20.9. 2020	BYLGJA 3 – Landspítali færður á hættustig vegna fjölgunar smita í hópi starfsmanna. Smit í Skaftahlíð og í skurðþjónustu kalla á umfangsmiklar aðgerðir, sóttkví, skimun og smitrakningu. Algjör grímuskylda allra nema inniliggjandi sjúklinga, aðeins rafrænir fundir, hvatt til heimavinnu, engin leyfi sjúklinga, frekari heimsóknartakmarkanir (einn gestur á dag). 200 sjúklingar í eftirliti og 2 inniliggjandi.
94.	21.9.2020	Landspítali á hættustigi. Tilkynnt um afgreiðslu matarpantana á deildir frá eldhúsi til að hvetja fólk til að borða frekar á deildum en í matsal. Sjálfsskömmun lokuð og stólum fækkað. Árétting um sóttkví og úrvinnslusóttkví ásamt því að taugrímur eru ekki samþykktar á Landspítala.
95.	22.9.2020	Landspítali á hættustigi. Nokkur mikilvæg atriði samandregin. Athygli vakin á ýmsu sem hefur breyst vegna aukinnar þekkingar og reynslu. Ítrekað að allar aðgerðir á Landspítala miða að því að verja starfsfólk og sjúklinga fyrir smiti með viðeigandi hlífðarbúnaði og sóttvarnaaðgerðum. Einnig að spítalinn þarf oft að ganga lengra en reglur SVL segja til um til að vernda mikilvæga starfsemi.
96.	23.9.2020	Landspítali á hættustigi. Tilkynnt um áhrif sóttkvíar og einangrunar starfsfólks á starfsemi skurðþjónustu. Fresta hefur þurft fjölda aðgerða og mögulega þarf að fresta fyrirhuguðu biðlistaátaki í liðskiptaaðgerðum.
97.	24.9.2020	Landspítali á hættustigi. Dregið úr starfsemi göngudeilda A3 og B3 til að styrkja mönnun á Covid göngudeild en þar fjölgar hratt.
98.	25.9.2020	Landspítali á hættustigi. Dagdeild skurðlækninga og göngudeild B3 verða lokaðar í viku vegna einangrunar og sóttkvíar starfsmanna. Umtalsverð röskun á skurðþrógrammi vegna þessa. Hvatt til smitvarna utan vinnustaðar einnig vegna útbreidds smits í samfélaginu.
99.	26.9.2020	Landspítali á hættustigi. Starfsfólk hvatt til að uppfæra símanúmer sín og fylgjast vel með tilkynningum á miðlum spítalans. Tölulegar upplýsingar, fjölgar áfram í Covid göngudeild.
100.	27.9.2020	Landspítali á hættustigi. Aukinn viðbúnaður á smitsjúkdómadeild vegna fjölgunar innlagna og vaxandi þunga í göngudeildinni.
101.	28.9.2020	Landspítali á hættustigi. Fjórum skurðstofum af átta hefur verið lokað í Fossvogi vegna einangrunar og sóttkvíar hjá starfsmönnum. Einungis bráðaaðgerðum sinnt. Sóttkví C er úrræði fyrir starfsfólk sem losnar úr einangrun á 7. degi eftir útsetningu.
102.	29.9.2020	Landspítali á hættustigi. Minnt á grímuskyldu. Tölulegar upplýsingar, allar tölur á uppleið.
103.	30.9.2020	Landspítali á hættustigi. Vaxandi þungi, svefneiningu lokað, ýmsar breytingar á starfsemi fyrirhugaðar, starfsfólk verður beðið um að færa sig til í starfi.
104.	2.10.2020	Landspítali á hættustigi. Engar heimsóknir á A7, B7 og A6.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
105.	3.10.2020	Landspítali á hættustigi. Smit hefur komið upp meðal starfsmanna á Hringbraut og víðtæk skimun fyrirhuguð vegna þess. Enn er brýnt fyrir starfsfólki að gæta að fjarlægðamörkum (2m) og gæta sérstaklega að sér í kaffistofum og öðrum sameiginlegum rýmum.
106.	4.10. 2020	Landspítali á hættustigi. Boðað að samkomutakmarkanir muni taka gildi 5.október og muni líklega helst hafa áhrif í stærri matsölum. Heimsóknir eru áfram heimilar nema á Covid deildum (undanþágur veittar).
107.	5.10.2020	Landspítali á hættustigi. Börn fædd 2005 og síðar eru undanþegin grímuskyldu. Á annað hundrað starfsmanna við Hringbraut voru skimaðir vegna smits á barnaspítalanum, enginn var jákvæður og ekki gert ráð fyrir áhrifum á starfsemi vegna þessa.
108.	6.10.2020	Landspítali á hættustigi. Heimsóknir heimilar með takmörkunum, smertiskjáir opnir, göngudeildir opnar eftir því sem kostur er en hvatt er til símaviðtala þegar því verður við komið, minnt á 2ja metra reglu, hvatt til heimavinnu starfsmanna, unnið að útfærslum á hópaskiptingum og reglum sem gilda þegar farið er á milli starfsstöðva.
109.	7.10.2020	Landspítali á hættustigi. Tilmælum beint til fólks með einkenni um Covid-19 að koma ekki á bráðamóttöku heldur hafa samband við sína heilsugæslu í síma eða í gegnum Heilsuveru. Þá er greint frá því að starfsmenn verði að takmarka störf sín við einn vinnustað en geti unnið á fleiri en einni starfsstöð innan spítalans. Sama á við um nemendur í klínísku námi.
110.	8.10.2020	Landspítali á hættustigi. Tilkynnt um lokun á einni skurðstofu í viðbót í Fossvogi, þá verða opnar 8 af 19 skurðstofum. Ákvörðun frá 7.10. afturkölluð um að takmarka störf við einn vinnustað. Óframkvæmanlegt.
111.	9.10.2020	Landspítali á hættustigi. Ávallt skal halda fjarfundi ef því verður með nokkru móti viðkomið. Ítrekað enn og aftur að gæta sín á kaffistofum.
112.	10.10.2020	Landspítali á hættustigi. Eingöngu tölulegar upplýsingar, tæplega 1000 manns í eftirliti, 25 inniliggjandi, 3 á gjörgæslu.
113.	11.10.2020	Landspítali á hættustigi. Eingöngu tölulegar upplýsingar. Yfir 1000 manns í eftirliti.
114.	12.10.2020	Landspítali á hættustigi. Sóttvarnir ítrekaðar. Fram kemur að erfitt er að framfylgja þeim víða vegna þrengsla. Tilkynnt að gæðastjórar muni koma og hjálpa til við útfærslu reglna.
115.	13.10.2020	Landspítali á hættustigi. Kallað eftir auknum liðsstyrk á Covid deildir, mikið álag þar.
116.	14.10.2020	Landspítali á hættustigi. Tölulegar upplýsingar
117.	15.10.2020	Landspítali á hættustigi. Tilkynnt um víðtækar skimanir í geðdeildarhúsi á Hringbraut vegna smits á fíknigeðdeild. Tilkynnt um bakvaktir farsóttanefndar sem ÁEJ, HH, MK og ÓG standa til skiptis alla daga til 23. Einnig áréttað að netfangið farsottanefnd@landspitali.is er vaktað alla daga á sömu tímum.
118.	16.10.2020	Landspítali á hættustigi. Tölulegar upplýsingar

Nr. tilk.	Dags.	Efni
119.	17.10.2020	Landspítali á hættustigi. Tölulegar upplýsingar, 1222 í eftirliti, 27 innliggjandi, 4 á gjörgæslu.
120.	18.10.2020	Landspítali á hættustigi. Tölulegar upplýsingar
121.	19.10.2020	Landspítali á hættustigi. Starfsfólk eindregið hvatt til að þiggja bólusetningu gegn influensu.
122.	20.10.2020	Landspítali á hættustigi. Skurðstofustarfsemi aukin að nýju og tilkynnt um fyrirhugaðar frekari opnanir skurðstofa.
123.	21.10.2020	Landspítali á hættustigi. Tölulegar upplýsingar á vef Landspítala kynntar.
124.	21.10.2020	Landspítali á hættustigi. Kynnt hótélúrræði fyrir starfsmenn sem ekki geta dvalið heima vegna einangrunar eða sóttkvíar. Vísað í upplýsingasíðu Landspítala um Covid-19 þar sem haldið er saman tölulegum upplýsingum um stöðu sjúkdómsins á spítalanum frá degi til dags. Tölur eru uppfærðar daglega um kl. 14.
125.	22.10.2020	Landspítali á hættustigi. Dregið úr fundatíðni viðbragðsstjórnar (x3 í viku) nema aðstæður breytist. 21 innliggjandi, 3 á gjörgæslu. 1172 í eftirliti Covid göngudeildar. 18 starfsmenn í einangrun.
126.	23.10.2020	Landspítali á hættustigi. Tilkynnt að upp hafi komið smit meðal starfsmanna og sjúklinga á Landakoti. Hefðbundið ferli rakningar, skimunar, sóttkvíar og einangrunar hafið. Tvær deildir í sóttkví.
127.	24.10.2020	Landspítali á hættustigi. 31 sjúklingur innliggjandi, 4 á gjörgæslu. 1089 í eftirliti.
128.	25.10.2020	Landspítali á neyðarstigi. Útbreitt smit á Landakoti meðal sjúklinga og starfsfólks. Um 50 sjúklingar hafa greinst og 30 starfsmenn. Sjúklingarnir eru á Landakoti, Sólvöllum á Eyrarbakka og Reykjalundi. Þeir höfðu verið fluttir þangað áður en smitið uppgötvaðist. Neyðarstig er hæsta viðbúnaðarstig og þýðir að öllu er tjaldað til bæði innan og utan spítalans til að takast á við stóra áskorun í starfseminni
129.	26.10.2020	Landspítali á neyðarstigi. Brýndar reglur um sóttvarnir og tilkynnt um frekari frestun valaðgerða (skipulagðrar aðgerða). Víðtækar skimanir hjá starfsmönnum og sjúklingum boðaðar næstu daga vegna hópsmits á Landakoti.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
130.	27.10.2020	Landspítali á neyðarstigi. 56 inniliggjandi, 1 á gjörgæslu. 40 starfsmenn í einangrun og 322 í sóttkví. FSN og VBS koma á framfæri þakklæti til starfsfólks sem glímir við faraldurinn við erfiðar aðstæður. Áframhaldandi skimanir og rakning. Þjónusta aukin á Landakoti s.s. myndgreining og læknisfræðilegur stuðningur. Einnig aukin þjónusta við starfsfólk s.s. aðgengi að mat og aðstöðu. Settar fram reglur um skimanir sjúklinga sem flytjast frá Landspítala á aðrar stofnanir. Birt sameiginleg yfirlýsing Landspítala og EL vegna hópsmits á Landakoti: <i>Af fréttum síðasta sólarhrings má draga þá ályktun að ósætti sé milli Landspítala og Embættis landlæknis. Nánar tiltekið að ágreiningur sé um þann farveg sem athugun á hópsmiti á Landakoti er í. Það er fjarri sanni og enginn fótur fyrir slíku. Landspítali og Embætti landlæknis hafa þvert á móti átt náið samstarf í heimsfaraldrinum sem hefur í einu og öllu einkennst af gagnkvæmri virðingu og sameiginlegum skilningi á því umfangsmikla verkefni sem blasir við vegna COVID-19.</i> <i>Landspítali starfar nú á neyðarstigi. Vangaveltur um hugsanlega framvindu á athugun á því hópsmiti sem varð á Landakoti eru ótímabærar og mega ekki tefja það vandasama verkefni að vinna úr þeirri alvarlegu stöðu sem komin er upp. Landspítali skoðar hópsýkinguna á Landakoti með smitrakningu og nýtur í því verkefni fulltingis smitrakningarteymis almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra. Það er af niðurstöðu þeirrar vinnu sem lærdómur verður dreginn. Upplýsingamiðlun um þann lærdóm verður fúmlaus þegar þar að kemur.</i> <i>Íslenska heilbrigðiskerfið er undir gríðarlegu álagi við fordæmalaugar aðstæður í miðjum heimsfaraldri. Mikilvægt er að mannauðnum þar sé skapaður nauðsynlegur vinnufriður og veitt sú virðing sem hann á skilið. Þolinmæði og þrautseigja eru lykilatriði þegar mörk hins mögulega eru þanin til hins ítrasta. Við þetta og margt fleira fást Landspítali og Embætti landlæknis jafnóðum allan sólarhringinn, af þolgæði og í einbeittum og samstíga takti.</i>
131.	28.10.2020	Landspítali á neyðarstigi. Alls hafa 117 greinst í tengslum við hópsmit á Landakoti: Starfsmenn – 57 (Landakot 40, Reykjalundur 6, Sólvellir 10, Aðrir 1). Sjúklingar – 60 (Landakot 38, Reykjalundur 5, Sólvellir 16, Aðrir 1). Aukin þjónusta á Landakoti. Hópaskipting eins og kostur er.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
132.	29.10.2020	Landspítali á neyðarstigi. Alls sýktir vegna hópsmits 126. 3 andlát í bylgju 3. Auknar skimanir starfsmanna kynntar. Heimsóknir leyfðar nema á A7, A6 og Landakoti. Kynntar reglur um hvernig farið er á milli starfsstöðva og hvaða reglur gilda um starfsfólk á Landakoti (eiga ekki að fara á aðrar einingar Landspítala amk fram til 6. nóv. 2020). Kynnt skema fyrir sýnatökur starfsmanna í vinnusóttkví B og kynnt sóttkví C eftir útsetningu á Landakoti.
133.	30.10.2020	Landspítali á neyðarstigi. Tölulegar upplýsingar nú gefnar út kl. 11 og 17 daglega. Alls sýktir vegna hópsmits 134. Inniliggjandi á Landspítala eru 63, 4 á gjörgæslu. 64 starfsmenn í einangrun og 242 í sóttkví. Birt ávarp forsetahjónanna til heilbrigðisstarfsfólks vegna faraldursins og kveðja frá ráðgjafanefnd Landspítala . Einnig ávarp Páls Matthíassonar forstjóra þar sem hann fer yfir atburðina á Landakoti og greinir frá þeirri vinnu sem hafin er við að skoða og greina atburðarásina. Páll tiltekur að þrír þættir hafi sérstaklega mikil áhrif á útbreiðslu smits sem þessa. Í fyrsta lagi mjög smitandi veira, í öðru lagi óhentugt húsnæði og í þriðja lagi mönnun sem til að mynda leyfir ekki hólfaskiptingu. Setur fram slagorðið – Við erum öll í sama liði – gegn veirunni!
134.	31.10.2020	Landspítali á neyðarstigi. Alls hópsmit 135. 64 inniliggjandi, 4 á gjörgæslu.
135.	1.11.2020	Landspítali á neyðarstigi. Alls hópsmit 139. 65 inniliggjandi, 2 á gjörgæslu. 5 andlát í 3. bylgju.
136.	2.11.2020	Landspítali á neyðarstigi. Tilkynnt um takmarkanir vegna nýrra sóttvarnareglna heilbrigðisyfirvalda. Almennt gildir að heilbrigðisþjónusta er undanþegin nýjum fjöldatakmarkunum. Útfærsla á biðstofum er í höndum stjórnenda. Fylgdarmenn ekki með sjúklingum nema sérstakar aðstæður séu uppi. Minnt á að forðast hópamyndanir við stimpilklukkur. Ný deild var opnuð á Landakoti fyrir Covid smitaða. Deild L5 var útbúin í snatri og opnuð með 9 einbýli. Engin ný smit á Landakoti sl 2 sólarhringa.
137.	3.11.2020	Landspítali á neyðarstigi. 71 inniliggjandi, 4 á gjörgæslu, 7 andlát í 3. bylgju.
138.	4.11.2020	Landspítali á neyðarstigi. Minnt á persónubundnar sýkingavarnir og mikilvægi þess að virða fjarlægðamörk þegar gríma er tekin niður til að matast. Styrking í matsölum með starfsfólki sem leiðbeinir um sóttvarnir. Rætt um skimanir sjúklinga sem fara milli stofnana (ákvörðun frá 27.10.2020) og það útvíkkað til þeirra sem fara heim og þiggja heimaþjónustu. Ekkert nýtt smit á Landakoti í 4 sólarhringa. Alls hópsmit 139. 7 andlát.
139.	5.11.2020	Landspítali á neyðarstigi. Ný smit á Landakoti í rakningu, óljós uppruni. Alls hópsmit 140.
140.	6.11.2020	Landspítali á neyðarstigi. Aflétt sóttkví hjá tæplega 30 sjúklingum á Landakoti. 75 inniliggjandi, 4 á gjörgæslu, 8 andlát í 3. bylgju. Pistill PM forstjóra.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
141.	7.11.2020	Landspítali á neyðarstigi. Tölulegar upplýsingar.
142.	8.11.2020	Landspítali á neyðarstigi. Um skimanir: Allir starfsmenn á Landakoti (fastir starfsmenn, bakverðir og folk af öðrum deildum) fari í skimun x3 í viku næstu 2 vikur.
143.	9.11.2020	Landspítali á neyðarstigi. Forstjóri og formaður farsóttanefndar senda bréf til embættis landlæknis vegna valaðgerða. Ekki lengur talin þörf á að takmarka framkvæmd valaðgerða í svæfingu vegna stöðunnar á Landspítala. Gerð grein fyrir framgangi vinnu við innri skoðun á þeim atburðum sem leiddu til hópsmits á Landakoti. Greinargerðin verður send EL. Hópsmitið var tilkynnt til EL skv. lögum. Tölulegar upplýsingar: 68 inniliggjandi, 3 á gjörgæslu, 13 andlát í 3. bylgju.
144.	10.11.2020	Landspítali á neyðarstigi. Heilbrigðisráðherra hefur fallist á tillögu landlæknis um að fella úr gildi auglýsingu um frestun valkvæðra skurðaðgerða og annarra ífarandi aðgerða. Boðað að skurðstofustarfsemi verði sköluð upp á næstu dögum.
145.	11.11.2020	Landspítali á neyðarstigi. Hafinn undirbúningur að afléttingu neyðarstigs þar sem mat FSN og VBS er að náðst hafi tök á faraldrinum á Landakoti og spítalinn sé í stakk búinn til að starfa á hættustigi. Tölulegar upplýsingar: 66 inniliggjandi, 2 á gjörgæslu, 14 andlát í 3. bylgju.
146.	12.11.2020	Landspítali á hættustigi. Neyðarstigi formlega aflétt. Boðuð kynning á skýrslu um Landakotsmálið 13.11. 2020. Greint frá reglum um afléttingu einangrunar.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
	13.11.2020	Landspítali á hættustigi. Covid-19 skýrsla sem unnin hefur verið um hópsýkinguna alvarlegu sem kom upp á Landspítala Landakoti var birt föstudaginn 13. nóvember 2020. Skýrslan var fyrst kynnt stjórnendum á Landakoti og öðrum stjórnendum Landspítala sem málið varðar sérstaklega, síðan öllu starfsfólki spítalans og loks blaða- og fréttamönnum. Allar þessar kynningar voru á fjarfundum. Lovísa Björk Ólafsdóttir, sérfræðilæknir í smitsjúkdómum og sýkingavörnum, starfsmaður gæða- og sýkingavarnadeildar Landspítala, gerði skýrsluna. <i>„Þessi skýrsla birtir frumniðurstöður á samantekt á COVID-19 hópsýkingu sem upp kom á Landakoti þann 22/10/20 og byggja niðurstöður að mestu á tilfellum sem greind voru á tímabilinu 22/10/20-29/10/20. Markmið úttektar var að rýna í upphaf og útbreiðslu hópsýkingar. COVID-19 hópsýkingin á Landakoti er ekki yfirstaðin og því er gagnasöfnun og úrvinnsla ekki lokið. Hér eru því einungis birtar frumniðurstöður þeirra gagna sem búið er að fara yfir.“</i> Á því tímabili sem skýrslan nær yfir greindust alls 98 COVID-19 tilfelli í tengslum við hópsýkinguna, þar af 52 starfsmenn og 46 sjúklingar. <i>„Frumniðurstöður faraldsfræðilegrar rannsóknar á COVID-19 tilfellum á Landakoti benda til þess að smit hafi borist inn á stofnunina með nokkrum einstaklingum en einnig er talið hugsanlegt að sum smita á milli starfsmanna megi rekja til eðlilegra náinna samskipta vegna fjölskyldu-og vinatengsla utan vinnustaðar.“</i> Skýrsluhöfundur telur að ástæður fyrir COVID-19 hópsýkingunni hafi verið margþættar. Í því sambandi er minnt á að sýkingavarnir snúist að mörgu leyti um að rjúfa smitleið meinvalds, í þessu tilfelli SARS-CoV-2 verunnar, á milli næmra einstaklinga. Þar skipti persónubundnar sóttvarnir svo sem handhreinsun, grímunotkun og nándarmörk miklu máli við af hemja útbreiðslu COVID-19. Aðrir veigamiklir þættir til að hemja útbreiðslu sýkinga séu ytri aðstæður svo sem húsnæði, aðbúnaður og hreint umhverfi. <i>„Talið er líklegt að nokkur smit hafi borist inn á Landakot á skömmum tíma. Það er mat skýrsluhöfundar að með tilliti til sýkingavarnasjónamiða sé ástand húsnæðis, loftskipta og aðbúnaðar á Landakoti ófullnægjandi fyrir þá mikilvægu starfsemi sem þar fer fram og líklega megin orsök þeirrar miklu smitdreifingar sem varð.“</i> COVID-19 hópsýking á Landspítala - bráðabirgðaskýrsla Glærukynning á skýrslunni (6,9MB)
147.	16.11.2020	Landspítali á hættustigi. Tölulegar upplýsingar: 58 innliggjandi (30 í einangrun), 2 á gjörgæslu. 14 andlát.
148.	17.11.2020	Landspítali á hættustigi. Tölulegar upplýsingar.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
149.	18.11.2020	Landspítali á hættustigi. Tölulegar upplýsingar. 18 inniliggjandi með virka sýkingu, 3 á gjörgæslu, 15 andlát.
150.	19.11.2020	Landspítali á hættustigi. Tölulegar upplýsingar.
151.	20.11.2020	Landspítali á hættustigi. Forstjórapistill með hvatningu. Tölulegar upplýsingar. Áfram grímuskylda.
152.	24.11.2020	Landspítali á óvissustigi. Betri staða á Landspítala og færri samfélagssmit. Áfram sömu reglur um heimsóknir til 18.12.2020. Hvatt til áframhaldandi heimavinnu starfsfólks. Tilkynnt að undirbúningur bólusetninga starfsmanna gegn Covid sé hafinn. Ekki vitað hvenær bóluefnið berst til landsins.
153.	26.11.2020	Landspítali á óvissustigi. Tölulegar upplýsingar og ítrekaðar reglur um skimanir sjúklinga: 1. Sjúklingar sem útskrifast af Landspítala á aðrar stofnanir (á líka við heimahjúkrun og aðra skipulagða heimaþjónustu) eru skimaðir fyrir COVID-19 fyrir brottför. 2. Sjúklingar sem flytjast frá Landspítala Hringbraut/Fossvogi á Grensásdeild, Klepp, Vífilsstaði og líknardeild í Kópavogi eru skimaðir fyrir brottför. 3. Sýni má ekki vera eldra en frá deginum fyrir brottför. Ekki er þörf á að einangra sjúkling meðan beðið er eftir niðurstöðu þar sem um er að ræða skimun einkennalausra.
154.	27.11.2020	Landspítali á óvissustigi. Fjölgun samfélagssmita, allir brýndir til að fylgja reglum, fara í sýnatöku og sýna árvekni. Tölulegar upplýsingar: 5 inniliggjandi með virkt smit, 2 á gjörgæslu. 15 andlát í 3.bylgju.
155.	1.12.2020	Landspítali á óvissustigi. Tölulegar upplýsingar: 5 inniliggjandi, 2 á gjörgæslu, 16 andlát.
156.	2.12.2020	Landspítali á óvissustigi. Farsóttanefnd minnir á 10 manna reglu, að þar sem 2 eða fleiri koma saman skuli nota grímur og halda 2ja metra fjarlægð. Hafa fundi stutta og gæta að loftræsingu. Hvatt til að nota fjarfundakerfi. Beina vafamálum til farsóttanefndar.
157.	3.12.2020	Landspítali á óvissustigi. Vakin athygli á grein Elíasar Eypórssonar og félaga sem lýsir tíðni og þróun einkenna meðal fólks sem greindist með Covid-19 í fyrstu bylgju sjúkdómsins á Íslandi. Birt í BMJ 2.12. 2020.
158.	4.12.2020	Landspítali á óvissustigi. Kynntur gátlisti farsóttanefndar vegna Covid-19 með hlekkjum í öll helstu gæðaskjöl. Minnt á vakt farsóttanefndar frá 8-23 virka daga og 9-23 um helgar. Vakin athygli á leiðbeiningum og hagnýtum ráðum um hvernig folk í veikindum eða bataferli getur sparað líkamsorkuna. Fólk beðið að uppfæra símanúmer í Orra vegna fyrirhugaðrar bólusetningar.
159.	7.12.2020	Landspítali á óvissustigi. Gátlisti farsóttanefndar gefinn út á íslensku, ensku, pólsku og Tagalog.
160.	8.12.2020	Landspítali á óvissustigi. Tölulegar upplýsingar: 2 inniliggjandi, 17 andlát.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
161.	9.12.2020	Landspítali á óvissustigi. Kynnt umbótaráðstefna Landspítala undir yfirskriftinni “Umbætur og lærdómur á Covid tímum”.
162.	14.12.2020	Landspítali á óvissustigi. Leiðbeiningar frá Sýkingavarnadeild vegna veitinga á deildum á aðventu og um hátíðarnar: 1. Viðhafa hópaskiptingu í kaffistofum og 2 m fjarlægð þegar matvæla er neytt 2. Hafa gott aðgengi að handspritti þar sem matvæli eða sætindi eru í boði 3. Velja frekar sælgæti sem er innpakkað 4. Fara ekki með óhreinar hendur í sælgætisskálur eða í sameiginleg matvæli sem eru óinnpökkuð eins og t.d. ostabakka 5. Nota viðeigandi áhöld eins og skeiðar eða tangir ef óinnpökkuð matvæli/sætindi eru á boðstólnum eins og sælgæti í skálum, ostabakkar eða kökur 6. Skipta reglulega um áhöld, alltaf á milli hópa og á milli vakta.
163.	16.12.2020	Landspítali á óvissustigi. Farsóttanefnd vekur athygli á að þeir sem koma erlendis frá eiga að vera í sóttkví á milli sýnatöku við komuna til landsins og sýnatöku eftir 5 daga. Tilgreint hvernig reglur um sóttkví eru framkvæmdar á heimilum: Til þess að fullnægja skilyrðum um sóttkví þarf að vera algjör aðskilnaður á heimilinu (tvö baðherbergi og nægilegt húsrými til að enginn samgangur sé á milli starfsmanns og gesta). Ef ekki er hægt að uppfylla þessi skilyrði þá þarf að íhuga eftirfarandi valkosti: 1. Best er ef gestir geta verið annars staðar en á heimili starfsmanns þar til sóttkví lýkur 2. Starfsmaður getur farið af heimili t.d. á Hótel Natura meðan á sóttkví stendur (senda póst á monnunarteymi@landspitali.is) 3. Starfsmaður getur unnið heima ef starf hans er með þeim hætti og yfirmaður samþykkir 4. Starfsmaður getur tekið orlof (með leyfi yfirmanns) á meðan sóttkví varir.
164.	17.12.2020	Landspítali á óvissustigi. Tölulegar upplýsingar: 5 inniliggjandi, 3 á gjörgæslu, 17 andlát í 3. bylgju.
165.	18.12.2020	Landspítali á óvissustigi. Farsóttanefnd kynnir reglur um heimsóknir og leyfi yfir jól og áramót.
166.	21.12.2020	Landspítali á óvissustigi. Tölulegar upplýsingar.
167.	22.12.2020	Landspítali á óvissustigi. Formaður FSN fylgir úr hlaði ströngum reglum um heimsóknir og rökstyður.
168.	23.12.2020	Landspítali á óvissustigi. Tilkynning vegna fyrirhugaðrar bólusetningar sem á að hefjast 29.12.2020. Forgangsroðun og fyrirkomulag.
169.	28.12.2020	Landspítali á óvissustigi. Tölulegar upplýsingar. Einn sjúklingur inniliggjandi á gjörgæslu (alls einn).

Nr. tilk.	Dags.	Efni
170.	29.12.2020	Landspítali á óvissustigi. Kynnt veggspjald um umgengni starfsmanna í matsölum Landspítala. Byrjað að bólusetja rétt um 10 mánuðum frá því fyrsta Covid tilfellið greindist á Íslandi. Mikil eftirspurn en stuðst í einu og öllu við forgangs röðun sóttvarnalæknis. Áréttað að bólusetning breyti engu að svo komnu máli um þær sóttvarnaaðgerðir sem fylgja þarf á Landspítala.
171.	5.1.2021	Landspítali á óvissustigi. Sérstök athygli vakin á upplýsingum sem barnalæknar BH hafa gefið út til að svara spurningum sem fólk hefur verið að beina til þeirra vegna bólusetningar barna gegn Covid-19 og þá sérstaklega þeirra sem glíma við undirliggjandi sjúkdóma.
172.	12.1.2021	Landspítali á óvissustigi. Ítarlegar upplýsingar um bólusetningu starfsfólks gegn Covid. Byrjað að bólusetja með efninu frá Moderna. Áfram stuðst við forgangs röðun sóttvarnalæknis.
173.	12.1.2021	Landspítali á óvissustigi. Upp kom smit hjá sjúklingi á hjartadeild við hefðbundna útskriftarskimun. Gripið var til viðtækra skimana af þessu tilefni og allt gert til að hindra útbreiðslu smits hjá sjúklingum og starfsmönnum.
174.	13.1.2021	Landspítali á óvissustigi. Áframhaldandi upplýsingar vegna smits á hjartadeild. Öll sýni neikvæð og deildin opnuð að nýju.
175.	14.1.2021	Landspítali á óvissustigi. Greint frá því að inniliggjandi sjúklingur á krabbameinslækningadeild hefði greinst með Covid í skimun. Deildinni var strax lokað fyrir nýjum innlögnum og viðamiklar skimanir settar af stað. Sjúklingurinn var fluttur á smitsjúkdómadeild í einangrun. Tölulegar upplýsingar: Einn sjúklingur liggur inni með Covid, enginn á gjörgæslu. 18 andlát í 3. bylgju. Niðurstöður úr skimun vegna smits á 11EG voru að allir voru neikvæðir. Deildin því opnuð að nýju.
176.	15.1.2021	Landspítali á óvissustigi. Áréttning um skráningu símanúmera í Orra vegna bólusetningar.
177.	18.1.2021	Landspítali á óvissustigi. Tilkynnt um seinni bólusetningu hjá þeim sem fengu bóluefnið frá Pfizer 29. og 30. desember 2020.
178.	21.1.2021	Landspítali á óvissustigi. 3 sjúklingar inniliggjandi. Enginn á gjörgæslu.
179.	22.1.2021	Landspítali á óvissustigi. Vakinn athygli á vefsíðu Lyfjastofnunar um aukaverkanir bóluefna gegn Covid. Þar er fjallað um við hverju má búast eftir bólusetningu, hvenær á að hafa samband við lækni, hvernig tilkynna skal aukaverkun og hvað Lyfjastofnun gerir til að fylgjast með öryggi bóluefna gegn Covid.

180.	29.1.2021	Landspítali á óvissustigi. Svör farsóttanefndar við helstu spurningum sem beint hefur verið til nefndarinnar að undanfögnu: Spurning 1: Má starfseining þar sem allir eru bólusettir halda fjölmenna deildarfundi? Svar: Þeir sem hafa lokið bólusetningu við COVID-19 eru ekki undanþegnir þeim sóttvarnarreglum sem gilda í íslensku samfélagi meðan COVID faraldur geisar (fjöldatakmörkunum, grímuskyldu, ráðstöfunum á vinnustað). Sjá nánar um sóttvarnaráðstafanir eftir bólusetningu hér: Spurning 2: Þarf fullbólusettur starfsmaður sem kemur erlendis frá að fara í sóttkví og sýnatöku áður en hann kemur til starfa á Landspítala? Svar: Fyrir þessu er gerð grein í nýútgefnu gæðaskjali en í stuttu máli þá þarf starfsmaðurinn að fara í sýnatöku á vegum starfsmannaheilsuverndar og skila neikvæðu sýni áður en hann kemur til starfa í sóttkví C þar til hann hefur skilað öðru neikvæðu sýni eftir 5 daga. Spurning 3: Má ég fá bólusetningu ef ég er með ofnæmi? Svar: COVID-19 bólusetningar einstaklinga með ofnæmi Spurning 4: Má ég fá bólusetningu ef ég er barnshafandi? Svar: Bólusetning barnshafandi kvenna við COVID Spurning 5: Er ekki ástæða til að sjúklingar beri grímur? Svar: Almennt gildir að inniliggjandi sjúklingar þurfa ekki að vera með grímur nema þegar þeir fara út af deildinni, til dæmis í rannsóknir. Sjá nánar um grímunotkun hér Spurning 6: Má bólusett starfsfólk fara að taka niður grímurnar? Svar: Nei það er ekki tímabært, sbr. lið 1. Spurning 7: Þarf að skima áfram fullbólusetta sjúklinga? Svar: Já, það verðum við að gera enn um sinn. Spurning 8: Þarf að taka sýni ef fullbólusettur einstaklingur fær einkenni sem geta samrýmst COVID? Svar: Já, það er mikilvægt að gera áfram. Spurning 9: Ætti að banna yfirlagnir á heimsfaraldurstímum? Svar: Yfirlagnir ættu aldrei að viðgangast, hvorki í heimsfaraldri né á öðrum tímum. Þó geta skapast aðstæður þar sem nauðsynlegt er að leysa mál tímabundið með yfirlögnum. Spurning 10: Getu starfsmenn sem hafa fengið COVID fengið mótefnamælingu? Svar: Almennt er ekki þörf á að mæla mótefni samanber skilyrði fyrir vottorði í Heilsuveru. Séu sértækar spurningar eða aðrar ástæður sem liggja að baki slíkri ósk er mælt með því að viðkomandi leiti til síns heilsugæslulæknis. Spurning 11: Salernisaðstaða sjúklinga er víða fremur bágborin, þ.e. margir deila salerni. Er ekki ástæða til að auka þrif á salernum? Svar: Jú, farsóttanefnd er hlynnt hreinum salernum sem færri deila.
------	-----------	---

Nr. tilk.	Dags.	Efni
		Spurning 12: Er von á hlýrri yfirfatnaði/peysum fyrir starfsmenn? Svar: Vinnuhópur hefur verið að störfum til að leita að hlýjum peysum fyrir starfsmenn. Þær ættu að koma til landsins í mars ef áætlanir ganga eftir. Spurning 13: Er von á frekari tilslökunum innan Landspítala hvað varðar grímunotkun, fjölda í rýmum, heimsóknir og viðveru aðstandenda? Svar: Landspítali fylgir sóttvarnalækni eftir í sínum ráðstöfunum. Núverandi reglugerð gildir til 17. febrúar. Spurning 14: Hvenær verður næst bólusett á Landspítala? Svar: Um miðjan febrúar verða endurbólusettir hópar sem fengu Moderna bóluefni 11. og 12. janúar og Pfizer 22. janúar. Moderna hópurinn verður bólusettur dagana 11. og 12. og 15. og 16. febrúar og Pfizer hópurinn fær sína endurbólusetningu 17. og 18. febrúar. Ekki liggur fyrir hvenær meira bóluefni berst til Landspítala.
181.	1.2.2021	Landspítali á óvissustigi. Einn inniliggjandi, enginn á gjörgæslu. 18 andlát í 3.bylgju. Upplýsingar um bólusetningu á vegum heilsugæslunnar.
182.	4.2.2021	Landspítali á óvissustigi. Tilkynningar varðandi bólusetningar starfsmanna.
183.	8.2.2021	Landspítali á óvissustigi. Ítarleg umfjöllun farsóttanefndar um skipulag bólusetninga á Landspítala. Farið yfir stöðuna, hvað hefur verið gert og hvernig verður haldið áfram. Svar við mikilli gagnrýni á skilgreiningar á forgangshópum.
184.	9.2.2021	Landspítali á óvissustigi. Áfram tilkynningar varðandi bólusetningar. Einnig tilkynnt hvernig standa ætti að bólusetningu aldraðra á Landspítala. Öldrunarlæknar fengnir til að skapa umgjörð um þessar bólusetningar.
185.	15.2.2021	Landspítali á óvissustigi. Tölulegar upplýsingar. Enginn inniliggjandi.
186.	24.2.2021	Landspítali á óvissustigi. Upplýsingar um fyrirkomulag bólusetningar hjá árgöngum 1932-1941.
187.	25.2.2021	Landspítali á óvissustigi. Enginn inniliggjandi með Covid. Farsóttanefnd sendir ítarlegt yfirlit yfir gildandi reglur á Landspítala í ljósi tilslakana á samkomutakmörkunum sem gilda frá 25 febrúar 2021.
188.	3.3.2021	Landspítali á óvissustigi. Tilkynnt um boð í bólusetningu með efninu frá Astra Zeneca.
189.	4.3.2021	Landspítali á óvissustigi. Tölulegar upplýsingar. Enginn inniliggjandi með virkt smit. 11 sjúklingar í eftirliti göngudeildar.
190.	5.3.2021	Landspítali á óvissustigi. Tilkynning um bólusetningu með efninu frá Moderna.
191.	9.3.2021	Landspítali á óvissustigi. Nokkrir einstaklingar greinst með Covid utan sóttkvíar, teygir anga sína inn á Landspítala. Rakning í gangi. Minnt á skimspurningar og sóttvarnir.
192.	10.3.2021	Landspítali á óvissustigi. Fjallað um bólusetningar. Fyrirsjáanlegt að allir starfsmenn verði fullbólusettir fyrir miðjan júní.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
193.	11.3.2021	Landspítali á óvissustigi. Tölulegar upplýsingar. Tilkynnt að bólusetning með AZ efninu hafi verið stöðvaðar vegna mögulegra tengsla efnisins við blóðtappa.
194.	15.3.2021	Landspítali á óvissustigi. Um bólusetningar.
195.	18.3.2021	Landspítali á óvissustigi. Breyttar reglur um skimanir sjúklinga. Ekki þarf að skima fullbólusetta sjúklinga sem flytjast á aðrar stofnanir, heim með þjónustu opinberra aðila eða á Landakot og Vífilsstaði. Tilkynnt að smit utan sóttkvíar sem greindist 17.3. setji um 50 starfsmenn á 28 starfseiningum í skimun og sóttkví. Starfsmennirnir sóttu reglubundna fræðslu í tengslum við starfsþjálfun, utan spítalans.
196.	22.3.2021	Landspítali á óvissustigi. Vakin athygli á tilkynningu frá Lyfjastofnun um bóluefnin og barnshafandi konur. Farsóttanefnd brýnir starfsmenn vegna smita sem hafa verið að greinast utan sóttkvíar.
197.	24.3.2021	Landspítali á hættustigi.
198.	25.3.2021	Landspítali á hættustigi.Landspítali herðir reglur vegna fjölgunar smita og hertra samfélagsaðgerða. Heimsóknir barna undir 16 ára óheimilar nema með sérstöku leyfi. Ekki gert ráð fyrir fylgdarmanni með konu í fósturgreiningu. Allir sjúklingar skimaðir fyrir útskrift óháð bólusetningastöðu. Stjórnendum falið að skipuleggja hópaskiptingu á sínum einingum í samræmi við gildandi takmarkanir um hópamyndun.
199.	26.3.2021	Landspítali á hættustigi.Breytt skipulag í matsölum. Sjálfsskömmunarlínum lokað. Sendingarþjónusta við deildir. Minnt á 2ja metra reglu í matsölum.
200.	29.3.2021	Landspítali á hættustigi.Greint frá mögulegu smiti á gjörgæsludeildinni í Fossvogi. Lokunin afturkölluð síðar sama dag. Vafasvar reyndist neikvætt.
201.	30.3.2021	Landspítali á hættustigi.Tilkynnt um seinni bólusetningu þeirra sem fengu fyrri bólusetningu í lok mars.
202.	7.4.2021	Landspítali á óvissustigi.
203.	12.4.2021	Landspítali á óvissustigi. Um bólusetningu með AZ efninu. Ekki búið að leysa úr málum þeirra sem fengu einn skammt af efninu áður en bólusetningin var stöðvuð.
204.	15.4.2021	Landspítali á óvissustigi. Tölulegar upplýsingar. Tveir inniliggjandi, annar á gjörgæslu.
205.	19.4.2021	Landspítali á óvissustigi. Rætt um útsetningu bólusettra starfsmanna og sóttkví C (tvö sýni með 7 daga millibili). Fram kemur að samfélagssmit er vaxandi. Starfsmenn geta óskað eftir verndandi úrræði ef sóttkví er á heimili. Greint frá hópsmiti á leikskóla sem hefur áhrif á starfsmenn Landspítala.
206.	20.4.2021	Landspítali á óvissustigi. Áréttað starfsmenn sem greinast með öndunarfæraveiru s.s. RS og rhino eiga ekki að koma veikir til vinnu þó Covid próf sé neikvætt.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
207.	21.4.2021	Landspítali á óvissustigi. Síðasti vetrardagur. Þrír inniliggjandi, 120 í eftirliti þar af ríflega 40 börn. Breytt fyrirkomulag skráningar í sóttkví hjá rakningateymi Almannaavarna.
208.	26.4.2021	Landspítali á óvissustigi. Fimm inniliggjandi, enginn á gjörgæslu.
209.	3.5.2021	Landspítali á óvissustigi. Tölulegar upplýsingar.
210.	5.5.2021	Landspítali á óvissustigi. Farsóttanefnd tilkynnir að barnshafandi konur verði ekki bólusettar með efni frá Janssen.
211.	6.5.2021	Landspítali á óvissustigi. Umfjöllun um bólusetningu með AZ efni og þeim kostum sem starfsmönnum standa til boða sem fengu fyrri bólusetningu með því efni.
212.	10.5.2021	Landspítali á óvissustigi. Tölulegar upplýsingar.
213.	11.5.2021	Landspítali á óvissustigi. Birt tilkynning frá yfirlækni smitsjúkdóma vegna ábendingar yfirlæknis blóðmeinafræðideildar um tilfelli sem komið hafa fram eftir bólusetningu með AZ og Janssen bóluefnunum og hvernig eigi að bregðast við þeim.
214.	17.5.2021	Landspítali á óvissustigi. Tölulegar upplýsingar. Fjórir inniliggjandi, einn á gjörgæslu. 66 í eftirliti.
215.	25.5.2021	Landspítali á óvissustigi. Andlát vegna Covid.
216.	28.5.2021	Landspítali á óvissustigi. Breyttar reglur farsóttanefndar. Heimilt að hafa með sér fylgdarmann á göngudeildir. Heimsóknir óbreyttar. Bólusettir sjúklingar mega fara í leyfi heim. Ítrekað mikilvægi þess að fara varlega á mannamótum, útskriftum o.s.frv.
217.	28.6.2021	Landspítali á óvissustigi. Almennri grímuskyldu var aflétt með nýrri reglugerð 25. maí 2021. Grímuskylda er áfram í öllum samskiptum sjúklinga og starfsmanna.
218.	30.6.2021	Fjórða Covid bylgja hafin.
219.	6.7.2021	Landspítali á óvissustigi. Rætt um að frá og með 1.júlí 2021 hafi verið hætt að skima bólusetta á landamærum. Farsóttanefnd gerir áfram kröfu um að tilteknar reglur gildi um bólusetta starfsmenn sem koma yfir landamæri. Mega koma í sóttkví C og fara í sýnatöku við fyrsta tækifæri. Neikvætt sýni leysir úr sóttkví C. Óbólusettir þurfa að fara í tvöfalda sýnatöku með heimasóttkví í 5 daga á milli.
220.	8.7.2021	Landspítali á óvissustigi. Reglur um sjúklinga sem koma yfir landamæri.
221.	13.7.2021	Landspítali á óvissustigi. Frekari útfærslur á reglum um bólusetta starfsmenn sem koma yfir landamæri.
222.	15.7.2021	Landspítali á óvissustigi. Enn brýning fyrir starfsmenn sem koma yfir landamæri.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
223.	19.7.2021	Landspítali á óvissustigi. Aukin smit í samfélaginu. Ákvarðanir vegna þess: 93. Allir bólusettir starfsmenn sem koma yfir landamæri eiga að skila neikvæðu PCR prófi áður en þeir mæta til vinnu. Þá má sækja um sóttkví C sem gildir þar til annað neikvætt sýni liggur fyrir eftir 5 daga. 94. Allir innliggjandi sjúklingar á Landakoti og Vífilsstöðum verða skimaðir vikulega óháð bólusetningastöðu þeirra.
224.	21.7.2021	Landspítali á óvissustigi. Enn hertar reglur á Landspítala. Algjör grímuskylda og fleiri atriði hert, s.s. heimsóknir, leyfi, fylgdarmenn. Farsóttanefnd beinir þeim tilmælum til starfsmanna að þeir gæti sín í samfélaginu og búi til sumarkúlu.
225.	22.7.2021	Landspítali á óvissustigi. Sérstök tilmæli vegna hátíðarinnar LungA á Seyðisfirði.
226.	23.7.2021	Landspítali á hættustigi. Viðbúnaðarstig hækkað vegna vaxandi smita í samfélaginu. Reglur á Landspítala hertar hvað varðar matsali og kaffistofur. Einnig er starfsfólk beðið að rifja upp reglur sem gilda þegar farið er á milli deilda. Verið að vinna í hótélurræði fyrir starfsfólk sem þarf að fara af heimilinu vegna smits eða sóttkvíar á heimili. FSN og VBS funda nú alla daga kl. 11:30.
227.	24.7.2021	Landspítali á hættustigi. Þrír innliggjandi. 544 í eftirliti. Boðaðar breytingar á landamærum 26.7. hafa ekki áhrif á reglur sem gilda um starfsmenn Landspítala. Mikil fjölgun starfsmanna sem raknAlm skipar í sóttkví. Ógn við starfsemina á hásumarleyfistíma.
228.	26.7.2021	Landspítali á hættustigi. Upp hafa komið smit meðal starfsmanna á nokkrum starfseiningum. Rakning í gangi, enginn grunur um smit út frá þessum smitum en nokkur fjöldi starfsmanna og sjúklinga fer í sóttkví. Áréttað hvernig fylla skuli út beiðnir um PCR próf. Áréttað hvernig sóttkví sjúklinga sem eru nýkomnir yfir landamæri skal háttað.
229.	27.7.2021	Landspítali á hættustigi. Reglur um skimun sjúklinga uppfærðar. Skima þarf alla sjúklinga sem flytjast á aðra stofnun eða í þjónustu opinberra aðila óháð bólusetningastöðu. Starfsfólk sem kemur úr orlofi er beðið um að skila neikvæðu sýni áður en það snýr til starfa. Verið að vinna í styrkingu útkallsteymis. Útskýringar á litakóðun Covid göngudeildar.
230.	28.7.2021	Landspítali á hættustigi. Átta innliggjandi, einn á gjörgæslu. 853 í eftirliti. Alls lögðust 5 Covid sjúklingar inn 27.7. Áætlun um fjölgun Covid rýma hefur verið ræst og verið að breyta A7 í farsóttareiningu. A6 er í viðbragðsstöðu auk gjörgæsludeilda. Fallið frá ákvörðun um að starfsmenn sem snúa úr orlofi eigi að skila einu neikvæðu sýni. Ekki framkvæmanlegt. Minnt á 2ja metra reglu. Verið að íhuga að kalla fólk inn úr orlofi.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
231.	29.7.2021	Landspítali á hættustigi. Tíu inniliggjandi, 2 á gjörgæslu. 965 í eftirliti. Skilaboð vegna smita á deildum og rakningarmála.
232.	30.7.2021	Landspítali á hættustigi. Níu inniliggjandi, 2 á gjörgæslu. 1066 í eftirliti göngudeildar. Ítrekað að skima inniliggjandi sjúklinga sem nota svefnvélar og þá sem þurfa að fara á ytri öndunarvél. Breytingar á þjónustu í matsölum.
233.	1.8.2021	Landspítali á hættustigi. Verið að undirbúa næstu Covid deild þar sem búist er við að smitsjúkdómadeild fyllist á næstu dögum. 12 inniliggjandi, 2 á gjörgæslu. 1216 í eftirliti.
234.	2.8.2021	Landspítali á hættustigi. 15 inniliggjandi, 2 á gjörgæslu. 1232 í eftirliti.
235.	3.8.2021	Landspítali á hættustigi. 16 inniliggjandi, 2 á gjörgæslu. 1293 í eftirliti. Auglýst eftir hjúkrunarfræðingum á A7 og B7.
236.	4.8.2021	Landspítali á hættustigi. Ákall frá forstjóra til starfsfólks um að stytta orlof ef nokkur möguleiki vegna mikillar uppsveiflu Covid í samfélaginu.
237.	5.8. 2021	Landspítali á hættustigi. 18 inniliggjandi, 3 á gjörgæslu, 1413 í eftirliti. Sérstakar tilkynningar dagsins lúta að grímuskyldu, heimavinnu, örvunarbólusetningu þeirra sem fengu bóluefni Jansen og áfram er auglýst eftir hjúkrunarfræðingum á deildir A7 og B7.
238.	6.8. 2021	Landspítali á hættustigi. Vegna stöðunnar í faraldrinum hefur verið ákveðið að ekki verði tekin upp hefðbundin valkvæð starfsemi á skurðstofum að loknum sumarfríum. 6 af 18 skurðstofur eru lokaðar. Einnig hefur verið dregið úr starfsemi á göngudeildum lyflækninga.
239.	7.8. 2021	Landspítali á hættustigi. Tölulegar upplýsingar.
240.	8.8.2021	Landspítali á hættustigi. Tölulegar upplýsingar. Minnt á strangar heimsóknarreglur.
241.	9.8. 2021	Landspítali á hættustigi. Tölulegar upplýsingar. Ítrekað að vanti hjúkrunarfræðinga á Covid deildir auk B7.
242.	10.8.2021	Landspítali á hættustigi. Byrjað að setja fram upplýsingar um innlagða eftir bólusetningastöðu. Þennan dag voru 22 á bráðadeildum, af þeim voru 15 bólusettir og 7 óbólusettir. Fjóri óbólusettir á gjörgæslu og tveir þeirra í öndunarvél.
243.	11.8.2021	Landspítali á hættustigi. 29 inniliggjandi, 5 á gjörgæslu. 1383 í eftirliti. Sérstakar tilkynningar lúta m.a. að skipulagi Covid innlagna. Báðar gjörgæsludeildir taka Covid, A7 tekur eingöngu Covid, A6 tekur við Covid og verið að undirbúa fleiri Covid rými á B7. Covid göngudeildin eflað verulega enn á ný og símaeftirlitið sömuleiðis.
244.	12.8. 2021	Landspítali á hættustigi. Tölulegar upplýsingar. Starfsfólk beðið að nota gæðaskjölín og spara fagfólkið sem er undir miklu álagi.
245.	13.8. 2021	Landspítali á hættustigi. 32 inniliggjandi, 8 á gjörgæslu þar af 5 í öndunarvél. Mjög þung staða á gjörgæsludeildum. Samstarf við Akureyri.
246.	14.8. 2021	Landspítali á hættustigi. Tölulegar upplýsingar.

Nr. tilk.	Dags.	Efni
247.	15.8.2021	Landspítali á hættustigi. Áfram mjög þung staða á gjörgæsludeildum ekki síst vegna erlendra ferðamanna (40%).
248.	16.8.2021	Landspítali á hættustigi. Tölulegar upplýsingar.
249.	17.8.2021	Landspítali á hættustigi. Forstjóri og formaður farsóttanefndar skiluðu minnisblaði til heilbrigðisráðherra um stöðu mála á Landspítala í 4.bylgju faraldursins. Ný spá kynnt sem unnin var í samstarfi Háskóla Íslands og Landspítala.
250.	18.8.2021	Landspítali á hættustigi. Kynntar nýjar reglur um sóttkví á heimili starfsmanna og takmarkanir á þjónustu matsala.
251.	19.8.2021	Landspítali á hættustigi. 25 inniliggjandi, 7 á gjörgæslu, þar af 5 í öndunarvél. 1200 í eftirliti.
252.	20.8.2021	Landspítali á hættustigi. Tölulegar upplýsingar.
253.	21.8.2021	Landspítali á hættustigi. Starfsmenn hvattir til að vakta líðan sína og fara í sýnatöku ef einkenni. Einnig kynnt úrvinnslusóttkví í því tilviki að heimilismaður starfsmanns fari í sýnatöku.
254.	22.8.2021	Landspítali á hættustigi. Tölulegar upplýsingar.
